

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B · 101 REYKJAVÍK · SÍMI/FAX: 5517292

Reykjavík 9. nóv. 1998

Laugardaginn 14. nóvember klukkan 13.00 mun Richard Wagnerfélagið sýna óperuna Tristan og Isolde í Norræna húsinu.

Áður en sýningin hefst mun Þórður Harðarson prófessor og yfirlæknir fjalla um óperuna í stuttu máli.

Sýnd verður uppsetning frá Festspielhaus í Bayreuth frá árinu 1982. Hljómsveitarstjóri: Daniel Barenboim. Leikstjórn, sviðs- og búningahönnun: Jean-Pierre Ponnelle. Í helstu hlutverkum: René Kollo, Matti Salminen, Johanna Meier, Hermann Becht, Robert Schunk og Hanna Schwarz.

Sýnt verður af laserdisk á stóra skerminum án skjátexta en auk þess á sjónvarpsskermi með enskum skjátexta.

Aðgangur að sýningunum er ókeypis og öllum heimill. Gerð verða tvö 15 mínútna hlé á sýningunni, sem mun standa í u.þ.b. fjóra tíma með hléum. Kaffiveitingar seldar í kaffistofu hússins.

Meðfylgjandi er efnisþráður óperunnar.

Tristan og Isolde

Ópera í 3 þáttum eftir Richard Wagner. (*Frumflutningur í München 1865*)

Óperan fjallar um ástina - og næstum því ekkert annað. Engin ópera fjallar á jafn djúpan og opinskáan hátt um ofsafengnar ástríður mannsins. Tónlist hennar var byltingarkennd á sínum tíma og er enn! Svo mikið lá Wagner á hjarta að til þess að tónlistin hæfði efniviðnum fann hann sig knúinn til að finna upp fullkomlega nýtt tónmál. Á alveg nýjan hátt nýtti hann sér einnig tjáningarmöguleika og stærð hljómsveitarinnar til að miðla ólgu þeirra tilfinninga, sem persónur verksins báru í brjósti. Í stað hins uppbrotna forms eldri ópera, þar sem laglínurnar eru settar inn í afmarkaðar aríur, kom Wagner hér fram með hina "endalausú laglínu" og fléttaði síðan margar slíkar saman í samfelldan tónlistarvef. Tónlistin hefur ósegjanlegan sefjunarmátt og er göldrum líkust.

Efni óperunnar byggir á gamalli arfssögn, sem Wagner að vanda sneið þó að sinni eigin ætlan. Ástkona hans, Mathilde Wesendonk, var kveikjan að því ástarbáli sem Wagner þarfnadist til að geta samið svo stórkostlega og ástríðuþrungna tónlist.

Forsaga: Írar og Walesverjar höfðu háð styrjöld, sem lauk með sigri hinna síðarnefndu. Á meðan á styrjöldinni stóð hafði Tristan herforingi Walesverja særst í orrustu og var honum hjúkrað af Isolde, prinsessu Íra. Þegar Tristan fékk aftur rænu komst Isolde að því að Tristan hafði verið banamaður unnusta hennar. Hún tók þá sverð hans og hugðist drepa hann, en hætti við vegna þeirrar ástar, sem hún hafði fengið á honum.

Marke, hinn aldni konungur Wales ætlar að kvænast Isolde, og sendi Tristan aftur til Írlands til að sækja hana. Þvert gegn vilja hennar tekur Tristan Isolde um borð í skip sitt og flytur heim á leið til Wales.

1. þáttur: Um borð í skipi Tristans

Ungur sjómaður syngur um ferðir sínar um borð í skipi Tristans. Söngur hans vekur Isolde af svefni og hún harmar örlög sín í samtali við hirðmey sína, Brangäne. Isolde skipar Brangäne að sækja Tristan. Að skipan Tristans neitar Kurwenal félagi hans henni um áheyrn. Isolde verður ævareid og rekur það fyrir Brangäne hvernig hún hjúkraði Tristan forðum. Brangäne reynir að sefa hana og minnir hana á ástardrykkinn í fórum hennar, sem muni styrkja og viðhalda ást hennar á Marke konungi. Isolde fær þá hugmynd að byrja Tristan eitur.

Köll heyrast, skipið nálgast land. Isolde biður Kurwenal að segja Tristan að hún muni ekki stíga frá borði nema hún fái að hitta hann. Hún biður síðan Brangäne að byrja eiturdrykk, en Brangäne skelfist og reynir að mæla í mót. Nú kemur Tristan og Isolde ber hann þungum sökum. Hann réttir fram sverð sitt og býður henni að hefna sín, en Isolde óskar að þau friðmælist með því að drekki bæði af sama bikarnum. Tristan veit að hún ætlar að eitra fyrir honum, en samþykkir samt dapur í bragði því hann hefur á laun einnig fellt ástarhug til Isolde og gerir sér ljósa grein fyrir vonleysi þess.

Þau Isolde drekka bæði af bikarnum, en Brangäne hafði sett í hann ástardrykk í stað eiturs. Eftir að hafa drukkið af bikarnum hygðast þau Tristan og Isolde notfæra sér hinstu krafta til að gefa sig á vald ástarinnar og þau tjá hvoru öðru ákaft hug sinn og fallast í faðma.

Á meðan þau Tristan og Isolde gleyma stað og stund í fangi hvors annars siglir skip þeirra að landi. Skipverjar fagna komu Marke konungs. Brangäne hryllir við afleiðingum gerða sinnar, en Tristan og Isolde fá ekki slitist í sundur. Brangäne segir Isolde þá frá ástardrykknum, en Isolde fellur í öngvit í fangi Tristans.

2. þáttur: Nótt í garði kastala Marke konungs.

Isolde og Brangäne bíða komu Tristans á meðan hljómur veiðihorna fjarlægist. Brangäne aðvarar Isolde og segir henni að gæta sín á Melot hirðmanni konungs, sem villji koma upp um þau Tristan. Isolde sendir hana á vörð og gefur síðan Tristan merki um að öllu sé óhætt.

Tristan kemur og nú upphefst hinn frægi ástarsöngur þar sem þau á sífellt ofsafengnari hátt jata hvort öðru ást sína. Þau lofa hvort annað og hina eilífu ást, bölv deginum sem skilur þau að, en lofsyngja nóttina sem sameinar þau ("O, sink hiernieder, Nacht der Liebe"). Þau lofa dauðann sem hið eina sem fái sameinað þau til fulls og að eilífu. Þau falla niður og umvefja hvort annað með ástarorðum um leið og kyrrð færast yfir. Skyndilega heyrast aðvörunarhróp Brangäne, en of seint. Marke konungur kemur að elskendunum í fylgd hirðmanna sinna. Melot ásakar Tristan, en Marke (í löngu eintali) harmar svik Tristans, síns gamla og tryggja frænda og vinar.

Tristan spyr Isolde hvort hún ætli fylgja sér í þá döpru vist sem bíði sín. Þegar hún játar því stekkur Melot fram og skorar Tristan á hólmi. Tristan mætir honum, en lætur sverð sitt viljandi siga og Melot rekur hann í gegn. Þá fellur Tristan í fang Kurwenals, en Isolde fleygir sér um háls hans.

3. þáttur: Í kastala Tristans í í Bretagne.

Fjárhirðir syngur og leikur á pípu sína. Hann spyr Kurwenal um líðan Tristans, sem liggur í móki á bekk í hallargarðinum. Tristan rankar þá við sér, en hugur hans er óskýr. Hann minnst einskis nema Isolde og biður þess að fá að sjá hana. Kurwenal lofar því. Tristan þakkar Kurwenal trúmennskuna og lætur sig dreyma um væntanlega endurfundi þeirra Isolde. Þá hljómar pípa fjárhirðisins og gefur til kynna að skip sé hvergi í nánd. Mikill tregi heltekur þá hug Tristans. Hann rifjar upp gamla tíma og minnst Isolde og ástardrykksins. Síðan fellur hann aftur í dá, en skömmu síðar vaknar hann aftur og gerist æstur er hann sér hvergi Isolde.

Þá heyrast loks fjörlegt lag úr pípu hjarðsveinsins. Kurwenal tilkynnir að skip Isolde nálgist óðfluga. Tristan verður yfirkomin af fögnuði og horfir á skipið nálgast. Hann sendir Kurwenal til móts við Isolde og í miklum hugaræsingi rífur hann af sér sárabindin. Isolde kemur aðvífandi, en Tristan hnígur örendur í fang hennar.

Fjárhirðirinn kallar að von sé á öðru skipi. Kurwenal býst þá til varnar gegn mönnum Marke konungs. Brangäne beiðist inngöngu og Melot ryðst inn. Kurwenal ræðst gegn honum og fellur áður en menn Markes verða honum sjálfum að bana. Brangäne birtist og sér til mikils léttis finnur hún Isolde á lífi. Hún segir henni að Marke sé kominn í friðsamlegum tilgangi, en henni bregður mjög er hún sér að Tristan er látinn.

Frávita af harmi og utan við sig syngur Isolde um sorg sína og ást þeirra Tristans ("Mild und leise") áður en hún hnígur lífvana í fang Brangäne, en eftir dauða hennar hljómar hið fræga "Liebestod".